

27. september 2016
Tilv.: 1609199

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kjararáð

Með tölvupósti dags. 21. september 2016, óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um kjararáð, 871. mál.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á b. lið 28. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands. Í 28. gr. seðlabankalaga er kveðið á um verkefni bankaráðs og er núgildandi b. liður greinarinnar svohljóðandi:

„Ákveða laun og önnur starfskjör aðstoðarseðlabankastjóra og fulltrúa í peningastefnunefnd, þ.m.t. rétt til biðlauna og eftirlauna. Kjararáð ákveður laun og önnur starfskjör seðlabankastjóra önnur en rétt til biðlauna og eftirlauna og önnur atriði sem varða fjárhagslega hagsmuni hans sem bankaráðið ákveður.“

Verði frumvarp til kjararáðs að lögum verður b. liður 28. gr. laga nr. 36/2001 svohljóðandi:

„Ákveða laun og starfskjör fulltrúa í peningastefnunefnd. Kjararáð ákveður laun og önnur starfskjör seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra.“

Frumvarpið felur í sér nýja tilhögun varðandi kjör seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra með því að það fellur ekki lengur undir verkefni bankaráðs að ákveða rétt þessara embættismanna til biðlauna og eftirlauna og önnur atriði sem varða fjárhagslega hagsmuni seðlabankastjóra.

Frumvarpið er þögult hvað varðar lagaskil milli væntanlegra laga um kjararáð og b. liðs 28. gr. seðlabankalaga. Það er því ekki ljóst, verði frumvarpið að lögum, hvort lögin muni með afturvirkum hætti hafa áhrif á þegar ákveðin rétt aðstoðarseðlabankastjóra og seðlabankastjóra til biðlauna og eftirlauna og aðra fjárhagslega hagsmuni seðlabankastjóra þar sem bráðabirgðaákvæði frumvarpsins sem felur í sér ákveðið lagaskilaákvæði tekur ekki á þessu álitaefni.

Seðlabankinn leggur því til að skýrt verði kveðið á um að sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu á b. lið 28. gr. hafi ekki afturvirk áhrif í för með sér. Í þessu sambandi má benda á lög nr. 12/2009 um afnám laga nr. 141/2003 þar sem skýrt var kveðið á um að afnám laganna hefði ekki afturvirk áhrif í för með sér varðandi þau réttindi sem einstaklingur hafði þegar áunnið sér.

Seðlabankinn leggur því til að við ákvæði til bráðabirgða verði bætt málsgrein svohljóðandi:

„Þrátt fyrir gildistöku laga þessara skulu ákvarðanir bankaráðs Seðlabanka Íslands um rétt núverandi aðstoðarseðlabankastjóra og seðlabankastjóra til biðlauna og eftirlauna og ákvarðanir um önnur réttindi sem varða fjárhagslega hagsmuni seðlabankastjóra halda gildi sínu.“

Virðingarfyllst,
SEÐALBANKI ÍSLANDS

Sigríður Logadóttir,
aðallögfræðingur

Jón Þ. Sigurgeirsson,
framkvæmdastjóri alþjóðasamskipta og
skrifstofu bankastjóra